

**Menningar- og ferðamálnefnd Hafnarfjarðar (MOF) f.h. Hafnarfjarðarbæjar, kt. 590169-7579 og Sveinssafn, kt. 6904989-2439 gera með sér svofelldan:**

## **SAMNING**

um fjárstuðning Hafnarfjarðarbæjar við Sveinssafn á tímabilinu 1.1.2022 – 31.12.2024

### **1. gr. Markmið**

Meginmarkmið með stuðningi Hafnarfjarðarbæjar við Sveinssafn er að:

- Að auka aðgengi almennings að Sveinssafni og list Sveins Björnssonar með sýningum, myndleigum og útgáfum.
- Að auka aðgengi að Sveinshúsi í Krýsuvík.
- Að efla uppbyggingu ferðamannasvæðisins í Krýsuvík.

### **2. gr. Framlag Hafnarfjarðarbæjar**

Á samningstímanum leggur MOF Sveinssafni til í beinum fjárframlögum kr.:

- kr. 750.000 árið 2022
- kr. 750.000 árið 2023
- kr. 750.000 árið 2024

Upphæðin greiðist í einni greiðslu í maí ár hvert og skulu forsvarsmenn senda löglegan reikning til Hafnarfjarðarbæjar, með skýringu „Sveinssafn, samstarfssamningur, (ártal)“

### **3. gr. Framlag og markmið Sveinssafns**

Framkvæmd samningsins skal grundvallast á framtíðarsýn Sveinssafns. Opnunartími Sveinshúss á samningstímanum verði sérhvern sunnudag í júní til septemberloka og tekið á móti fólki með persónulegum hætti í Sveinshúsi í miðri náttúrparadísinni Krýsuvík. Auk þess verði boðið uppá móttöku hópa utan fasts opnunartíma. Sett verði upp ný sýning sumarið 2023 sem standi til loka 2024.

### **4. gr. Ábyrgð**

Sveinssafn ber ábyrgð á að starfsemin fullnægi kröfum um fagmennsku og gæði. Sveinssafn ber ábyrgð á skuldbindingum sem Sveinssafn eða aðilar á hennar vegum stofna til í tengslum við þennan samning. Sveinssafni er óheimilt að framselja greiðslur skv. samningi þessum til þriðja aðila og setja hann með öðrum hætti til tryggingar fjárskuldbindingu.

### **5. gr. Kynningarmál**

Á öllu kynningarefni Sveinssafns, jafnt innanlands sem utan, skal koma fram að Sveinssafn sé styrkt af Hafnarfjarðarbæ og birtir Sveinssafn merki Hafnarfjarðarbæjar í því skyni.

## 6. gr. Samskipti og eftirlit

Ritari menningar- og ferðamálanefndar er tengiliður samningsins við Sveinssafn. Sveinssafn skal skila árlegri skýrslu þar sem fram kemur dagskrá, aðsóknartölur, uppgjör og lýsing á kynningarmálum til ritara MoF í síðasta lagi 10. apríl ár hvert.

## 7. gr. Vanefndir og meðferð ágreinings

Telur Sveinssafn hættu á að geta ekki uppfyllt samningsbundnar skyldur sínar skal tengilið Hafnarfjarðarbæjar tilkynnt um það skriflega án tafar. Ef ekki tekst að endurskoða verkefnaáætlun þannig að markmiðum samningsins verði náð, er heimilt að fella niður greiðslur þar til Sveinssafn hefur sýnt fram á að það muni standa við samningsbundnar skyldur sínar samkvæmt ákvæðum samningsins, en að öðrum kosti rifta samningnum.

## 8. gr. Gildistími

Samningur þessi er gerður í samræmi við úthlutunarreglur menningarstyrkja frá 10.01.2019. Samningurinn er gerður í tveimur samhljóma eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki.

## 9. gr. Staðfesting og meðferð ágreiningsmála

Samningurinn er gerður með fyrirvara um samþykkt menningar- og ferðamálanefndar og bæjarráðs og fyrirvara um samþykki fjárhagsáætlunar hvert ár. Rísi ágreiningsmál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjaness.

Hafnarfirði 20. apríl 2022

F.h. Hafnarfjarðarbæjar

F.h. Sveinssafns

---

---

Vottar

---

---